

## Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á ábúðarlögum, nr. 64/1976, með síðari breytingum.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar (ÞBack).

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:  
39. gr. laganna hljóðar svo:  
Sýslumenn skulu hver í sínu umdæmi skipa þrjá úttektarmenn til fjögurra ára í senn til að framkvæma úttektir á jörðum og mat á eignum og endurbótum fráfarandi ábúanda við ábúðarlök. Skal einn tilnefndur af viðkomandi búnaðarsambandi, einn tilnefndur af samtökum sveitarfélaga í viðkomandi umdæmi og skal hann vera sérfróður um byggingar og einn án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.
2. Við 6. gr. Greinin orðist svo:  
43. gr. laganna hljóðar svo:  
Úttektarmenn fá þóknun fyrir starf sitt, sem hér segir:
  1. Fyrir úttekt á jörð skal greiðslan miðast við dagkaup, eins og það er reiknað í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða hverju sinni. Kostnaður þessi greiðist að jöfnu af fráfaranda og viðtakanda.
  2. Fyrir aðrar virðingar- og skoðunargerðir ákveðst greiðslan á sama hátt, og ber þeim að greiða, sem krafist hefur virðingar- eða skoðunargerðar. Þó kosta landsdrottinn og leiguliði skoðun og virðing, sem gerð er skv. 16. gr., að hálfu hvor.
3. Við 7. gr. 1. efnismgr. orðist svo:  
Landeigandi og fráfarandi ábúandi geta krafist yfirmats á eignum fráfarandi ábúanda samkvæmt lögum þessum innan fjögurra vikna frá dagsetning úttektar skv. 42. gr.